

6. fundur.

Haldinn í Fjölbrautaskólanum þann 29. nóv. 1976. Mættir voru Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Guðjón Kristjánsson, Hreinn Ásgrímsson, ásamt skólameistara og yfirkennara.

1. Skólameistari upplýsti að skólinn hefði hlotið nafnnúmerið 2361 - 4863.

2. Öldungadeild: Lesið upp bréf menntamálaráðuneytisins frá 16. nóv. '76 og það rétt. Þar heimildar ráðuneytið starfrækslu öldungadeilda á vegum Fjölbrautaskólans, skólaárið 1976-1977,, hliðstæða þeim sem starfræktar eru á Akureyri og við Hamrahlíð.

Samþykkt var að taka bréfið til frekari athugunar og umræðu á næsta fundi.

3. Skólameistari upplýsti, að á fundi samstarfsnefndar menntaskólastigsins hefði verið ákv. að menntamálaráðuneytið gæfi út upplýsingabækling um námsbrautir sem við taka að loknu grunnskóla-prófi. Í bæklingi þessum skulu tilgreind réttindi þau sem hver námsbraut veitir. Deildarstjórar Flensborgar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja hafa verið beðnir um að gera tillögur um réttindi nemenda sem brautskráðir verða frá viðskipta-, hjúkrunar- og uppeðisbrautum.

4. Fjárhagsáætlun skólans skólaárið 1976-'77 lögð fram.. Niðurstöðutala rekstrarreiknings er kr. 26.550.000- utan launakostnaðar sem áætlaður er 55 millj.

Stofnkostnaður: Greinilegt er að nemendafjöldi næsta skólaár verður það mikill, að húsnæði skólans nægir ekki.

Fyrir liggja frumteikningar að stækkun skólahússins við Sunrúbraut, þannig að byggð verði hæð ofan á þá sem fyrir er.

Kostnaðaráætlun fyrir framkvæmd þessa er sem hér segir:

I. Fokheld hæð	kr. 12	millj.
II. Tilbúin undir tréverk. -	26	--
III. Tilbúin að fullu	34	--
Heildarkostn.:	72	millj.

Niðurstöðutala á stofnkostnaðarreikningi er kr. 80. milljónir, er þar gert ráð fyrir að lokið verði við byggingu þessa og að a.m.k. 5 milljónir verði varið til uppbyggingar verknámsaðstöðu.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt í þessu formi.

5. Skólaakstur: Komið hefur í ljós, að ríkissjóður neitar að taka þátt í sérstökum akstri fyrir Gagnfræðaskólann í Keflavík. Skólanefnd Fjölbrautaskólans samþykkir því, að allur skólaakstur vegna Gagnfræðaskólans og F.S. komi á reikning F.S. á yfirstandandi skólaári.

6. Ráðning kennara: S.l. haust vantaði kennara í íslensku, sálarfræði og sögu að skólanum. Samþykkt var að ráða Baldur Hafstað, sem nýlega er kominn til landsins, til starfa í íslensku og sögu á næstu önn, sem hefst í janúar n.k..

7. Stjórnunarstörf: Skv. bréfi menntamálaráðuneytisins frá 12. nóv. s.l. hefur ráðuneytið samþykkt eftirfarandi ráðstafanir:

a) Að Helgi Jóhannsson, kennari, gegni starfi félagsmálaráðunautar. Kennsluafsláttur 4 stundir.

b) að eftirgreindum kennurum verði falin deildarstjórn með 3 stunda kennsluafslætti:

Gizur I. Helgason í erlendum málum,

Helgi Jóhannsson, í sérgreinum viðskiptabrautar,

Ingólfur Halldórsson, í sérgreinum iðn- og tæknibrauta,

Jón Hjartarson, í sérgreinum hjúkrunar- og uppeldisbrauta,

Ægir Sigurðsson, deildarstjóri í raungreinum.

c) Fjölbrautaskólinn kosti að hálfu á mótí Gagnfræðaskólanum í Keflavík, bókaþvörlu og umsjón á sameiginlegri lestrarstofu fyrir nemendur skólans.

d) Varið verði sem svarar fimm vikustunda kennsluafslætti^s til tækjavörslu.

Bréf þetta var samþykkt og var fundi síðan slitið um kl 19¹⁰.

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson.

Fylgiskjöl: Afrit fjárhagsáætlunar.